

## Svar

### félags- og vinnumarkaðsráðherra við fyrirspurn frá Bryndísi Haraldsdóttur um ráð, nefndir, stjórnir, starfshópa og stýrihópa.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hvað voru á árinu 2022 stofnaðar margar nýjar nefndir, stjórnir, ráð, stýrihópar eða starfshópar sem heyra undir ráðuneytið og hver er áætlaður kostnaður vegna þeirra?*

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið skipaði árið 2022 fjórtán nefndir, stjórnir, ráð, stýrihópa og starfshópa, þar af þrjár hæfnisnefndir vegna skipana í embætti.

Fallið hefur til kostnaður vegna þriggja hæfnisnefnda árið 2022 eins og hér segir:

- 1.717.500 kr. vegna tímabundið skipaðrar hæfnisnefndar til að meta umsóknir um embætti forstjóra Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála, sbr. 1. tölul.
- 2.160.000 kr. vegna tímabundið skipaðrar hæfnisnefndar til að meta umsóknir um embætti skrifstofustjóra skrifstofu félags- og lífeyrismála í félags- og vinnumarkaðsráðuneyti, sbr. 2. tölul.
- 1.442.500 kr. vegna tímabundið skipaðrar hæfnisnefndar til að meta umsóknir um embætti forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins, sbr. 3. tölul.

Í samræmi við orðalag fyrirspurnar eru ekki taldar með lögbundnar eða ráðherraskipaðar nefndir sem stofnaðar voru fyrir tímamarkið en voru starfandi árið 2022 eða endurskipaðar á árinu enda teljast þær ekki nýjar í framangreindum skilningi. Þá er ekki tilgreindur kostnaður vegna starfa ráðherra, aðstoðarmanna og starfsmanna ráðuneytisins í tengslum við nefndarstörfin, enda fá þeir aðilar ekki greitt sérstaklega fyrir slíka vinnu. Eftirfarandi eru nýjar nefndir, stjórnir, ráð, stýrihópar eða starfshópar sem stofnaðir voru á árinu 2022:

*Hæfnisnefndir vegna skipana í embætti:*

1. Hæfnisnefnd til að meta umsóknir um embætti forstjóra Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála.
  2. Hæfnisnefnd til að meta umsóknir um embætti skrifstofustjóra skrifstofu félags- og lífeyrismála í félags- og vinnumarkaðsráðuneyti.
  3. Hæfnisnefnd til að meta umsóknir um forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins.
- Aðrar nefndir, starfshópar, vinnuhópar, stjórnir og ráð:*
4. Starfshópur um afkomuöryggi, atvinnuþátttöku og húsnæðiskost eldra fólks.
  5. Samhæfingarnefnd um velferð og virkni á vinnumarkaði.
  6. Stýrihópur og sérfræðingateymi sem hefur það hlutverk að hafa yfirsýn yfir vinnu við endurskoðun á örorkulífeyriskerfinu.
  7. Verkefnastjórn við heildarendurskoðun á þjónustu við eldra fólk.
  8. Endurhæfingarráð.
  9. Vinnuhópur um fullgildingu samþykktar Alþjóðavinnuálastofnunar nr. 190.
  10. Samstarfshópur um heildarendurskoðun á framhaldsfræðslukerfinu og laga um framhaldsfræðslu, nr. 27/2010.
  11. Starfshópur um aukin náms- og starfstækifæri fyrir fatlað fólk.

12. Verkefnastjórn um gerð landsáætlunar um innleiðingu á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.
13. Vinnuhópur um atvinnuréttindi útlendinga.
14. Stýrihópur um stefnu í mállefnum innflytjenda og flóttafólks.